



Álagning fasteignagjalda 2015

Álagning í Fjarðabyggð er sem hér segir:

Fasteignaskattur A verði 0,48 %¹ af húsmati og lóðarhlutamati.
Fasteignaskattur B verði 1,32 %² af húsmati og lóðarhlutamati.
Fasteignaskattur C verði 1,63 %³ af húsmati og lóðarhlutamati.
Lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði 0,53 % af lóðarhlutamati.
Lóðarleiga atvinnuhúsnæðis verði 2,00% af lóðarhlutamati.
Vatnsgjald verði 0,28 % af húsmati.
Holræsagjald verði 0,32 % af húsmati.
Sorphreinsunargjald verði 23.050 kr. á heimili.
Sorpeyðingargjald verði 10.940 kr. á heimili.

Fjöldi gjalddaga verði átta – mánaðarlega frá 1. febrúar. Eindagi fasteignagjalda er síðasti virki dagur gjalddagamánaðar

¹⁾ Íbúðarhúsnæði og eignir skv. 2.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
²⁾ Sjúkrastofnanir og eignir skv. 3.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.
³⁾ Atvinnuhúsnæði og annað húsnæði skv. 4.gr. reglugerðar um fasteignaskatt nr. 1160/2005 sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Upplýsingar varðandi fasteignamat, matseiningar og forsendur álagningar veitir Valur Sveinsson í síma 470-9061.
Upplýsingar varðandi álagningu og reglur um afslátt veitir Kristinn Á. Þorsteinsson í síma 470-9094.

Reglur

um afslátt af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega.

1.gr.

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri sem og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild í 4.mgr. 5 gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Niðurfelling fasteignaskatts skal vera tekjutengd og miðuð við árstekjur 2014 samanber álagningu skattstjóra 2015 og er sem hér segir:

a) Einstaklingar:	Brúttótekjur allt að kr. 2.713.597	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr 3.588.669	0 % afsláttur
b) Hjón og samskattað sambýlisfólk:	Brúttótekjur allt að kr. 4.121.608	100 % afsláttur
	Brúttótekjur yfir kr 4.926.043	0 % afsláttur

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og er allt að kr. 53.541.-. Afsláttur er hlutfallslegur og reiknaður af fasteignaskatti viðkomandi eignar. Tekið er tillit til allra skattskyldra tekna, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekna síðastliðins árs skv. skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

2.gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti miðast við þá grunnforsendu að elli- og örorkulífeyrisþegar eigi og búi í því húsnæði sem afslátturinn er veittur af. Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, sem ekki uppfylla skilyrði um afslátt er veittur afsláttur skv. 1.gr í samræmi við eignarhlut þeirra.



3.gr.

Búi fullvinnandi einstaklingur (eða hjón) inn á heimili ellilífeyrisþega, fellur fasteignaskattur ekki niður.

4.gr.

Sömu reglur gilda um niðurfellingu fasteignaskatts hjá öryrkjum með fulla örorku (75%).

5.gr.

Hafi orðið veruleg breyting á högum umsækjanda er fjármálasviði heimilt að víkja frá skilyrðum 2. og 3. gr. þessara reglna varðandi búsetu í íbúð og viðmiði um tekjumörk.

6.gr.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar veitir Þjóðskrá leyfi til að sækja upplýsingar með öruggum hætti í gegnum vefþjónustu ríkisskattstjóra (RSK) um tekjaskattsstofn elli- og örorkulífeyrisþega vegna útreiknings afsláttar þeirra á fasteignaskatti og að gera samning við RSK þar að lútandi.

7.gr.

Útreikningur fasteignaskattsafsláttar á álagningarseðli fasteignagjalda sem gefinn er út í byrjun febrúar miðast við tekjur ársins 2013 til bráðabirgða og tekjuviðmiðun ársins 2014. Afslátturinn er síðan endurskoðaður þegar álagning tekjuskatts ársins 2014 liggur endanlega fyrir í ágúst 2015 og er þá miðað við tekjuviðmiðunina skv.1.

Fjarðabyggð 5. desember 2014


Páll Björgvin Guðmundsson


Samþykkt í bæjarráði 1. desember 2014

Samþykkt í bæjarstjórn 4. desember 2014